

# MARGT ER UM AÐ VELJA



## Náms- og starfsfræðsla Kennsluleiðbeiningar

Berglind Melax  
Berglind Helga Sigurpórsdóttir  
Helga Helgadóttir  
Guðbjörg T. Vilhjálmsdóttir

Áður fyrr var það reglan að fólk var í sama starfinu ævina út. Í dag er reglan sú að fólk skiptir oft um starf vegna örra breytinga í atvinnulífinu. Því má segja að starfsferillinn breyti oft um ásýnd. Þetta er á ensku kallað “protean career” og er þá vitnað í gríska guðinn Proteus sem gat breytt sér í margs konar skepnur. Teikningar Högna Sigurpórssonar í þessu námsefni vísa í söguna af guðinum Proteusi. Það er starfsferill af þessari gerð sem flestir unglingar eiga fyrir höndum og það er tilgangur þessa efnis að búa þau sem best undir síbreytilegan starfsferil.

# Efnisyfirlit

|                                                                 |           |
|-----------------------------------------------------------------|-----------|
| Kynning á efninu . . . . .                                      | 3         |
| Starfalisti . . . . .                                           | 5         |
| Námslisti . . . . .                                             | 6         |
| <b>Könnun á atvinnulífinu – Fyrsti hluti – Könnun . . . . .</b> | <b>7</b>  |
| 1. HVAÐ ER VINNA? . . . . .                                     | 8         |
| 2. VINNA OG UPPFINNINGAR . . . . .                              | 9         |
| 3. MIKILVÆGI HVERS STARFS . . . . .                             | 10        |
| 4. HVAÐ ER STARF? . . . . .                                     | 11        |
| 5. SKILNINGUR Á ATVINNULÍFINU . . . . .                         | 12        |
| <b>Ferðalagið framundan – Annar hluti . . . . .</b>             | <b>15</b> |
| 6. FERÐALAG . . . . .                                           | 16        |
| 7. GILDI HVERS OG EINS . . . . .                                | 17        |
| 8. AÐ HELTAST ÚR LESTINNI. . . . .                              | 18        |
| 9. BROTTHVARFSHÆTTA . . . . .                                   | 19        |
| <b>Aðdráttarafl starfanna – Þriðji hluti . . . . .</b>          | <b>20</b> |
| 10. LEITAÐ – FUNDIÐ . . . . .                                   | 21        |
| 11. KYNBUNDINN VINNUMARKAÐUR. . . . .                           | 22        |
| 12. KYNBUNDIN STARFSHUGSUN . . . . .                            | 24        |
| 13. AÐ VERA FRUMLEGUR . . . . .                                 | 25        |
| 14. ÞAÐ SEM SKIPTIR MIG MÁLI . . . . .                          | 26        |
| <b>Markmið og starfsval – Fjórði hluti . . . . .</b>            | <b>28</b> |
| 15. ÁHUGAVERÐ STÖRF. . . . .                                    | 29        |
| 16. ENDURMAT . . . . .                                          | 30        |
| 17. UNDIRBÚNINGUR UNDIR STARFSFERIL . . . . .                   | 31        |
| 18. AÐ SETJA SÉR MARKMIÐ . . . . .                              | 32        |
| 19. AÐ TAKA ÁKVÖRÐUN . . . . .                                  | 33        |
| 20. MARGT ER UM AÐ VELJA – Lokaverkefni . . . . .               | 34        |
| LOKAORÐ . . . . .                                               | 35        |

**Margt er um að velja** – Vefútgáfa  
Kennsluleiðbeiningar  
ISBN 978-9979-0-2356-2

© 2004 Guðbjörg T. Vilhjálmsdóttir, Berglind Helga  
Sigurþórsdóttir og Helga Helgadóttir  
Aukið og endurbætt  
© 2019 Guðbjörg T. Vilhjálmsdóttir og Berglind Melax  
© 2019 Teikningar Högni Sigurþórsson  
Allur réttur áskilinn  
Ritstjórar: Aldís Yngvadóttir og Sigrún Sóley Jökulsdóttir

1. útgáfa 2004  
2. útgáfa 2019  
3. útgáfa 2022  
Menntamálastofnun  
Kópavogi  
Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

# Kynning á efninu

*Margt er um að velja* – Náms og starfsfræðsla er ætlað nemendum í efstu bekkjum grunnskóla. Meginumfjöllunarefni þessara verkefna er atvinnulíf og störf, skólakerfi og sjálfsþekking og er hluti af náms- og starfsfræðslu.

Markmiðið með námsefninu er að nemendur öðlist færni í að velja nám og störf og rökstyðja val sitt út frá aðstæðum sínum. Leitast er við að vekja áhuga nemenda á að fræðast um menntakerfið og atvinnulífið. Jafnframt er stefnt að því að vekja áhuga nemenda á því hvar hæfileikar þeirra og áhugi fái best notið sín.

Námsefnið á rætur að rekja til Laval-háskólans í Quebec í Kanada og var hluti af námsefnisflokknum *Éducation des Choix*. Efnið var þýtt og staðfært af Guðbjörgu Vilhjámsdóttur árið 1993 í þrjár vinnubækur með yfirheitinu *Margt er um að velja*. Árið 2004 voru tvær af þessum bókum sameinaðar, uppfærðar og endurútgefnar sem vefútgáfa, og árið 2019 var það sama gert við þriðju bókina. Samhliða því var 2004 útgáfan uppfærð og saman var þetta gefið út sem rafræna vinnubókin *Margt er um að velja – Náms- og starfsfræðsla*. Árið 2022 var efnið aftur uppfært, kaflaröðun breytt og námsefni bætt við nokkra kafla. Einnig voru útbúin kennslumyndbönd, en slóð á myndböndin má finna í hverjum kafla fyrir sig hér í kennsluleiðbeiningunum.


Hefðbundin kennsla í náms- og starfsfræðslu byggist fyrst og fremst á upplýsingamiðlun. Í þessu námsefni eru ekki einungis veittar upplýsingar heldur er markmiðið að þær öðlist merkingu fyrir nemendum og verði þeim þannig leiðarljós í framtíðinni. Í kennslunni eru settar upp aðstæður sem gera nemandann virkan í að kanna forsendur fyrir vali á námi eða starfi og á þeim möguleikum sem bjóðast. Nemendur læra að átta sig á því hvernig farið er að við ákvarðanatöku, hvernig niðurstaða er fengin og hvað þarf að vera undanfari ákvörðunarinnar. Nemendur eru búnir undir það að taka ákvörðun um námsbraut eða starf af eigin rammleik. Þannig verða þeir ábyrgari fyrir eigin námi og námsframvindu.

## Uppsetning

Vinnubókinni er skipt í fjóra hluta og hver hluti tekur fyrir ákveðið viðfangsefni á stigi starfsferilsþróunar. Fyrsti hlutinn nefnist *Könnun á atvinnulífi* og er þar verið að einblína á einkenni og hlutverk starfa. Annar hlutinn, *Ferðalagið framundan*, felst í að ígrunda um persónuleg gildi og fræðast um áhættuþætti brotthvarfs úr námi. Í þriðja hluta, *Aðdráttarafl starfanna*, eru valin áhugaverð störf til að skoða nánar, varpað fram hugmyndum um hvað teljist til hefðbundinna karla- eða kvennastarfa og skoðað hvernig er hægt að kanna störf með frumlegum hætti. Að lokum í fjórða og seinasta hlutanum, *Markmið og starfsval*, er haldið áfram að skoða störf nánar og hvaða undirbúning þarf fyrir tiltekin störf, einnig er fræðst um hvernig megji setja sér markmið og farið yfir hvað liggur á bakvið ákvarðanatöku. ákvörðunartöku. Námsefnið endar á lokaverkefni, en þar eru dregin saman nokkur mikilvæg atriði sem nemendur hafa lært.

Í þessum fjórum hlutum vinnubókarinnar er lögð til grundvallar kenning Donalds Super um þróun starfsferils þar sem starfsferli er skipt í nokkur stig. Á unglingsárum fer einstaklingur í gegnum könnunarstigið (e. *exploration*), sem leiðir af sér undirstig sundurgreiningar (e. *crystallization*), sérgreiningar (e. *specification*) og framkvæmdar (e. *implemation*). Köflunum er skipt á eftirfarandi hátt út frá þessum stigum:

- **Könnun:** Könnun á atvinnulífinu, kaflar 1, 2, 3, 4 og 5
- **Sundurgreining:** Ferðalagið framundan, kaflar 6, 7, 8 og 9
- **Sérgreining:** Aðdráttarafl starfanna, kaflar 10, 11, 12, 13 og 14
- **Framkvæmd:** Markmið og starfsval, kaflar 15, 16, 17, 18 og 19



Hér má sjá hvernig stigin raðast á pýramídann.

- Fyrst fer fram könnun þar sem nemendur leita sér upplýsinga með opnum hug og skapa nýjar tilgátur um störf og eðli þeirra.
- Á sundurgreiningarstigi vinna nemendur að flokka störf og meta skýrandi upplýsingar
- Næst eiga nemendur að meta þær styðjandi upplýsinga sem aflað hefur verið á fyrri stigum. Hér velta þau fyrir sér hvaða störf þau gætu hugsað sér að starfa við og mikilvægt er að vera gagnrýnin og átta sig á þeirri ábyrgð sem fylgir hverju starfi.
- Að lokum tengja nemendur saman það sem þeir hafa lært í gegnum verkefni og íhuga hvernig þeir geta komið fyrirætlunum sínum í framkvæmd.

## Kennslufræðileg lýsing á námsefninu

Yfirmarkmið námsefnisins Margt er um að velja er að gera nemandann upplýstari um sjálfan sig og umhverfið og búa hann þannig úr garði að ákvörðun hans um nám og starf samræmist vel umhverfinu og auðveldi honum að njóta sín í því sem hann tekur sér fyrir hendur. Námsefnið miðar þannig að því að gera nemandann að sjálfstæðari og ábyrgari þjóðfélagsþegni.

Það kemur af sjálfu sér að þegar takmarkið er að gera nemandann hæfan til að taka sjálfstæða, ábyrga ákvörðun, þá þarf aðferðin sem notuð er í því námi að miða að því að virkja nemandann. Í leitarefni skiptir miklu máli að gera greinarmun á viðfangsefni og aðferð. Viðfangsefnið er kannað og gefur sem slíkt mikla möguleika, en aðferðin verður að vera skipuleg.

Námsefninu má dreifa yfir tvær eða fleiri námsannir en mælt er með því að búið sé að fara yfir alla vinnubókina áður en nemendur senda inn umsókn um nám í framhaldsskóla. Ef ekki gefst tími í að fara yfir alla kafla vinnubókarinnar, er hægt að velja 2–3 kafla úr hverjum hluta og vinna með nemendum.

Í síðasta kafla draga nemendur saman þær upplýsingar og niðurstöður sem fengist hafa í ferlinu og búa til lokaverkefni.

# Starfalisti

Almannatengill  
Arkitekt  
Atferlisfræðingur  
Bakari  
Bifreiðasmiður  
Bifvélavirki  
Bílamálari  
Blaða og fréttamaður  
Blikksmiður  
Blómaskreytir  
Bókari  
Bókmenntafræðingur  
Bókasafnstæknir  
Bókasafnsfræðingur  
Búfræðingur  
Búningahönnuður  
Byggingafræðingur  
Dýralæknir  
Eðlisfræðingur  
Efnafræðingur  
Einkaþjálfari  
Endurskoðandi  
Fatahönnuður  
Félagsfræðingur  
Félagsráðgjafi  
Félags- og tómstundaliði  
Fjármálastjóri  
Fjölmíðlatæknir  
Flugmaður  
Flugvirki  
Flugliði  
Förðunarmeistari  
Fornleifafræðingur  
Forritari  
Framreiðslumaður  
Gæðaeftirlitsmaður  
Geðlæknir  
Gervigreindarsérfræðingur  
Grafískur hönnuður  
Grafískur miðlari  
Gullsmiður  
Hagfræðingur  
Hársnyrtir  
Heimspekingur  
Hjúkrunarfræðingur  
Hljóðmaður  
Hópfærðabílstjóri  
Hótelstjóri  
Hugbúnaðarverkfræðingur  
Hundasnyrtir  
Húsgagnabólstrari

Húsgagnasmiður  
Húsasmiður  
Iðjuþjálfari  
Iðnfræðingur  
Innanhúsarkitekt  
Íþróttakennari  
Íþróttufræðingur  
Jarðfræðingur  
Kennari  
Kerfisfræðingur  
Kjólasaumari  
Kjötiðnaðarmaður  
Klæðskeri  
Kvikmyndagerðarmaður  
Læknir  
Landfræðingur  
Leiðsögumaður  
Leikari  
Leikjahönnuður  
Leikmyndahönnuður  
Leikskólakennari  
Lífefnafræðingur  
Líffræðingur  
Listfræðingur  
Listmeðferðarfræðingur  
Ljósmyndari  
Ljósmyndari  
Lögfræðingur  
Lögregluþjónn  
Lyfjafræðingur  
Lyfjatæknir  
Málari  
Málmsuðumaður  
Mannfræðingur  
Mannauðsstjóri  
Markaðsfræðingur  
Matartæknir  
Matreiðslumaður  
Matvælafræðingur  
Meinataæknir  
Meindýraeyðir  
Mjólkurfræðingur  
Múrari  
Næringarfræðingur  
Náms- og starfsráðgjafi  
Netagerðarmaður  
Nuddari  
Pípulagningamaður  
Prentari  
Rafeindavirki  
Rafveituvirki

Rafvélavirki  
Rafvirki  
Rennismiður  
Safnvörður  
Sagnfræðingur  
Samfélagsmiðlastjóri  
Sálfræðingur  
Sérkennari  
Sjávarútvegsfræðingur  
Sjúkraliði  
Sjúkraþjálfari  
Sjúkraflutningamaður  
Skipstjóri  
Skipulagsfræðingur  
Skósmiður  
Skrifstofufulltrúi  
Skrúðgarðyrkjufraðingur  
Snyrtifræðingur  
Stærðfræðingur  
Stálsmiður  
Stjórn málafræðingur  
Stoðtækjafræðingur  
Stuðningsfulltrúi  
Stýrimaður  
Tæknifræðingur  
Tækniteiknari  
Táknmálstúlkur  
Talmeinafræðingur  
Tamningamaður  
Tannlæknir  
Tannsmiður  
Tanntæknir  
Tölfræðingur  
Tölvunarfræðingur  
Umboðsmaður  
Umhverfisfræðingur  
Umsjónamaður fasteigna  
Úrsmiður  
Veðurfræðingur  
Vefhönnuður  
Veggfóðrari  
Vélstjóri  
Vélvirki  
Verkfræðingur  
Verkefnastjóri  
Viðskiptalögfræðingur  
Viðburðastjóri  
Þjónustufulltrúi  
Þroskaþjálfari

# Námslisti

|                                  |                           |                   |
|----------------------------------|---------------------------|-------------------|
| Arkitektúr                       | Húsgagnasmíði             | Rafveituvirkjun   |
| Atferlisfræði                    | Iðjupjálfun               | Rafvélavirkjun    |
| Bakaraíðn                        | Iðnfræði                  | Rafvirkjun        |
| Bífreiðasmíði                    | Íþróttafræði              | Rennismíði        |
| Bífvélavirkjun                   | Jarðfræði                 | Sagnfræði         |
| Bílamálun                        | Kennslufræði              | Sálfræði          |
| Blikksmíði                       | Kerfisfræði               | Sérkennsla        |
| Blómaskreyting                   | Kjólasaumur               | Símsmíði          |
| Bókasafns- og<br>upplýsingafræði | Kjötiðn                   | Sjávarútvegsfræði |
| Bókasafnstækni                   | Klæðskurður               | Sjúkralíði        |
| Bókmenntafræði                   | Kvikmyndagerð             | Sjúkraþjálfun     |
| Bókun                            | Landafræði                | Skipsstjórn       |
| Búfræði                          | Leiðsögunám               | Skósmíðaiðn       |
| Byggingafræði                    | Leiklist                  | Skrúðgarðyrkja    |
| Dýralæknisfræði                  | Leikskólakennarafræði     | Snyrtifræði       |
| Eðlisfræði                       | Listfræði                 | Stálsmíði         |
| Einkaþjálfun                     | Listmeðferðarfræði        | Stjórn málafræði  |
| Endurskoðun                      | Lífefnafræði              | Stoðtækjafræði    |
| Félagsfræði                      | Líffræði                  | Stærðfræði        |
| Félagsráðgjöf                    | Ljósmyndun                | Tamningar         |
| Félagsþjónusta                   | Ljósmyndun                | Tannlækningar     |
| Fjölmiðlafræði                   | Lyfjafræði                | Tannsmíði         |
| Fjölmiðlataekni                  | Lyfjataekni               | Tanntækni         |
| Flugnám                          | Lögfræði                  | Táknmálstúlkun    |
| Flugvirkjun                      | Löggæsla                  | Tæknifræði        |
| Fornleifafræði                   | Mannauðsstjórnun          | Tækniteiknun      |
| Framreiðsla                      | Mannfræði                 | Tölfræði          |
| Geislafræði                      | Markaðsfræði              | Tölvuleikjafræði  |
| Grafísk hönnun                   | Matartækni                | Tölvunarfræði     |
| Grafísk miðlun                   | Matreiðsla                | Úrsmíði           |
| Gullsmíði                        | Matvælafræði              | Veðurfræði        |
| Hagfræði                         | Málaraiðn                 | Vefmiðlun         |
| Hársnyrtiiðn                     | Meinataeknir              | Veggfóðrun        |
| Heimspeki                        | Mjólkurfræði              | Verkefnastjórnun  |
| Hestafræði                       | Múraraíðn                 | Verkfræði         |
| Hjúkrunarfræði                   | Náms- og starfsráðgjöf    | Vélstjórn         |
| Hljóðtækni                       | Náttúru og umhverfisfræði | Vélvirkjun        |
| Hugbúnaðarverkfræði              | Netagerð                  | Viðburðastjórnun  |
| Hundasnyrting                    | Nudd                      | Viðskiptafræði    |
| Húsasmíði                        | Næringarfræði             | Þroskaþjálfun     |
| Húsgagnabólstrun                 | Pípulagnir                |                   |
|                                  | Prentun                   |                   |
|                                  | Rafeindavirkjun           |                   |

# MARGT ER UM AÐ VELJA



Könnun á atvinnulífinu

Fyrsti hluti – *Könnun*

Berglind Melax  
Guðbjörg T. Vilhjálmsdóttir

# 1. HVAÐ ER VINNA?

Í þessari vinnubók er sjónum beint að fjölda starfa sem krefjast ákveðins undirbúnings. Fyrsti liður í þessari könnun á vinnu-markaðinum er að átta sig á þeim þörfum samfélags og einstaklinga sem eru drifkraftur atvinnulífsins.



Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

## Markmið

Nemendur skoða hverjar þarfir einstaklings og samfélagshópa eru og reyna að átta sig á því hvort það séu einhverjar þarfir sem vekja áhuga þeirra. Þekkja þau þessar þarfir úr umhverfi sínu? E.t.v. eru hér á ferðinni vísbendingar um hvert hugur þeirra stefnir.

## Verkefnalýsing

Nemendur ímynda sér að þeir séu fastir á eyðieyju ásamt samnemendum sínum. Kennari spyr síðan nemendur að því hvernig bekkurinn ætli að skipuleggja sig á eyjunni til að lifa af. Kennari ver nokkrum mínútum í að láta nemendur skrá niður þarfir. Hann skrifar niður þær þarfir sem nemendur stinga upp á og bætir við því sem vantar upp á. Að lokum er farið yfir niðurstöður og staldrað við spurningarnar tvær sem koma þar fram og því velt fyrir sér hvort einhverjar þarfir tengist áhugasviði nemenda.

## Lausn

Listi yfir þarfir (þó ekki tæmandi listi):

- Þörf fyrir fæði, klæði og húsaskjól**  
Föt til að hlýja sér, matur og drykkur.  
Staður til að búa á.
- Þörf fyrir þægindi**  
Hlýja, hvíld og ró.
- Þörf fyrir að halda heilsu og gæta hreinlætis**  
Næringarrík fæða, hvíld, búa um sár o.s.frv.
- Þörf fyrir að miðla þekkingu**  
Læra, kunna og vita.  
Kenna og miðla þekkingu og deila upplýsingum með öðrum.
- Þörf fyrir að búa til verkfæri**  
Afla sér fæðu, byggja skýli eða hús og verjast hættum úr umhverfinu.
- Þörf fyrir að skipuleggja þjónustu í þágu samfélagsins**  
Þiggja og veita aðstoð, eiga samskipti við aðra o.s.frv.
- Þörf fyrir að varðveita menningarverðmæti og miðla þeim til annarra**  
Listræn tjáning, tómstundir o.s.frv.
- Þörf fyrir samskipti og samgöngur**  
Geta haldið sambandi við aðra, skipst á vörum og ferðast um.
- Þörf fyrir að halda uppi lögum og reglum**  
Félagslegt og líkamlegt öryggi. Réttindi og réttlæti.  
Þörf fyrir óhlutdrægni þegar skorið er úr deilum.
- Þörf fyrir að stjórna málum samfélagsins**  
Lögmæt samfélagsskipan, viðskipti, veita samfélagslega þjónustu.



## 2. VINNA OG UPPFINNINGAR

Nemendur hafa nú séð að vinna þjónar m.a. þeim tilgangi að sinna þörfum bæði þjóðfélagsins og einstaklinga. Nú er komið að því að kanna aðra vídd vinnunnar sem snýr að uppfinningum, frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun. Þessi hlið atvinnulífsins varpar ljósi á bæði hvernig er hægt að skapa ný störf og einnig að hægt sé að nýta eldri störf með nýjum hætti.



Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

### Markmið

Að nemendur komist að því að uppfinningar, listamenn, frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun verða ekki til fyrir tilviljun heldur vegna langana og þarfa manneskjunnar til að auka hæfni sína og breyta umhverfinu sér í hag. Þetta geta ýmist verið vörur eða fyrirtæki sem eru með nýjungar á Íslandi, eða sem hafa einnig sótt á erlenda markaði.

### Verkefnalýsing

Nemendur íhuga og skrá niður uppfinningar, vörur eða fyrirtæki sem þeim dettur í hug. Í sameiningu geta kennarar og nemendur farið yfir listana og bætt við.

Hugmynd að hópavinnu fyrir seinni spurninguna gæti verið að hver hópur velji eitt atriði, vinni stutta heimildarvinnu í gegnum internetið og kynni fyrir bekknum hver saga eða þróun vörunnar eða fyrirtækisins var. Þar ætti að koma í ljós að það getur verið langt og flókið ferli að koma nýrri vöru eða nýju fyrirtæki á markaðinn. Dæmi um íslenskar vörur, fyrirtæki og listamenn sem hafa sótt á markað erlendis:

- Björk
- CCP games
- Icelandic Glacial Water

- Latibær
- Lulladoll
- Sidekick Health

- Siggí's skyr
- Sigur Rós
- Tulipop
- Össur hf.

### Niðurstaða

Að lokum hugleiða nemendur þær tæknibreytingar sem hafa orðið í heiminum síðastliðna áratugi og hvernig það hefur haft áhrif á atvinnulífið, t.d. með því að breyta störfum eða skapa ný störf. Þessi þróun hefur einnig áhrif á skólakerfið og breytingar verða eftir því sem tækninni fleygir fram.


Nemendur svara síðustu tveimur spurningum. Að því loknu geta kennari og nemendur farið í sameiningu yfir hvað þau telja hafa valdið mestum framförum í skólakerfinu síðastliðin 10 ár, þ.e. frá því þau hófu skólagöngu sína. Hvað hefur t.d. breyst í skólastofunni eða í kennsluaðferðum?

Í seinni spurningunni, um þeirra eigin hugmynd, hafa þau frjálsar hendur og má þetta ýmist vera starf eða söluvara sem þegar er til eða einhver ný hugmynd sem þau hafa í huga. Hér er um að gera að veita ímyndunaraflinu lausan taum og finna nýjar fjölbreyttar hugmyndir eins og t.d. starf súkkulaðismakkara eða vöruhönnun á morgunverðarvél. Þetta er aðallega hugsað fyrir þau sjálf en þau eru þó hvött til að deila með bekknum.

**Til gamans:** sláið inn í leitarvél *strange jobs* eða *unusual jobs* og skoðið niðurstöðurnar með nemendum.

### 3. MIKILVÆGI HVERS STARFS

Nemendur halda áfram könnun sinni á heimi atvinnulífsins. Hér verður sýnt fram á að hver starfsmaður hafi mikilvægt hlutverk í framleiðsluferlinu. Framlag hvers starfsmanns er ómissandi til þess að breyta umhverfinu okkur í hag og til þess að koma til móts við þarfir einstaklinga og samfélags.



Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

#### Markmið

Að nemendur átti sig á því hve háð störfín eru hvert öðru og að öll störf eru mikilvægt framlag í uppbyggingu samfélagsins.

#### Verkefnalýsing

Sagan um framleiðslu brauðsins fær nemendur til velta fyrir sér spurningunni um tengsl starfa og vakin er athygli á því að skipan samfélagsins gerir öll störf jafn mikilvæg, þrátt fyrir að fordómar kunni að vera fyrir ákveðnum störfum. Mikilvægt er að benda á að öll störf eru mikilvæg því að hvert þeirra leggur sitt af mörkum til að hagræða umhverfinu og leitast við að fullnægja einstaklingsbundnum og sameiginlegum þörfum okkar. Gerður er greinamunur á virðingu og mikilvægi en öll störf ættu að njóta sömu virðingar.

Kennsluleiðbeiningar

#### Lausn

- |                   |                                        |
|-------------------|----------------------------------------|
| (1) Bakari        | (6) Efnafræðingur                      |
| (2) Verkfræðingur | (7) Markaðsfræðingur                   |
| (3) Rafvirki      | (8) Grafískur hönnuður                 |
| (4) Bóndi         | (9) Starfsmenn vöruflutningafyrirtækis |
| (5) Búfræðingur   |                                        |

Dæmi um fleiri störf sem koma við sögu við framleiðslu brauðsins væru aðrir starfsmenn verksmiðjunnar þar sem brauðið er framleitt, heilbrigðiseftirlitið, verkfræðingar sem hannað hafa ýmsar vélar sem notaðar eru við framleiðsluna, starfsfólk sem afgreiðir brauðið í verslunum eða bakaríum o.s.frv.

#### Niðurstaða

Nemendur gera æfinguna **Störfín eru háð hvert öðru** og þar getur kennari kannað hvort nemendur hafi skilið vel efnið sem var til umfjöllunar og náð því marki sem stefnt var að.

Nemendur átta sig á að allt er samtengt: verkfæri, uppfinningar og framlag hvers starfsmanns og að saman mynda þessar einingar undirstöður atvinnulífsins.



Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

## 4. HVAÐ ER STARF?

Rifjað er upp frá fyrri verkefnum að:

- Það eru þarfirnar (bæði einstaklinga og hópsins) sem gera vinnuna nauðsynlega.
- Hægt er að skapa ný störf og breyta eldri störfum með uppfinningum, frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun.
- Að störf eru háð hvert öðru og vinna saman að því að breyta umhverfinu okkur í hag og koma til móts við þarfir einstaklinga og samfélag.

Kennari ræðir með nemendum hvort eitthvað fleira einkenni vinnuna, eins og t.d. ánægja í starfi og hvernig það getur haft áhrif á vinnuframlag starfsmannsins.

### Markmið

Að nemendur uppgötvi á eigin spýtur hvaða þættir það eru sem lýsa best einkennum hvers starfs, með því að spyrja þriggja grundvallarspurninga Töfraformúlunnar.

### Verkefnalýsing

Farið er yfir hvað eru nákvæmar og ónákvæmar spurningar.

**Leynistarfið:** Kennari hefur valið eitt starfsheiti og nemendur eiga að finna út hvert starfið er með því að spurja spurninga. Inn í þetta fléttast umfjöllun um nákvæmar og ónákvæmar spurningar. Þrír nemendur skrifa á afmörkuðum stöðum á töfluna þær spurningar sem varpað er fram, eftir því sem kennarinn segir til um. Kennari þekkir flokkunina og veit að spurningar sem má flokka undir svæði 1 eru spurningar sem flokkast undir grundvallarspurninguna: *Hvað er starfið?* Á svæði 2: *Hvers krefst starfið?* Á svæði 3: *Hvað gefur það af sér?* Smátt og smátt átta nemendur sig á þessari flokkun.

Eftir leikinn er farið yfir Töfraformúluna sem inniheldur grundvallarspurningarnar þrjár. Þar er nemendum gerð grein fyrir hvernig spurningarnar úr verkefninu um leynistarfið eru hluti af þessari formúlu.

Farið er vel yfir efni kaflans, grundvallarspurningarnar þrjár, þær tvær hliðar sem einkenna hverja grundvallarspurningu og þær spurningar sem lýsa hverri hlið fyrir sig. Töfraformúlan mun koma aftur fyrir seinna í námsefninu.

Í næsta verkefni merkja nemendur við hvaða hliðar á grundvallarspurningunum þremur þeim finnst mikilvægar og hverjar ekki. Kennari útskýrir hvernig nemendur geta notað þetta verkfæri til að vega og meta hvaða eiginleikar þeim finnast mikilvægir þegar kemur að því að skoða hugmyndir um hugsanleg framtíðastörf þeirra sjálfra.


### Niðurstaða

Hér eru nemendur fengnir til að fjalla um efni kaflans. Greiningaraðferðin byggist á því að spyrja þessara grundvallarspurninga sem þau hafa lært, um hvert starf fyrir sig.

Starfalista má finna fremst í þessari vinnubók. En það er þó ekki tæmandi listi og er nemendum frjálst að nota aðra miðla eða upplýsingaveitur eins og t.d. vefsíðuna [Næsta skref](#) eða atvinnuauglýsingar. Einnig má skoða á internetinu flokkun Hagstofunnar á störfum á Íslandi: [ÍSTARF21](#). Þar má finna starfslýsingar og einnig starfalista í atriðisorðaskrá.

## 5. SKILNINGUR Á ATVINNULÍFINU

Nemendur hafa nú þegar farið í nokkrar könnunarferðir. Þeir hafa kannað atvinnulífið og störfin og safnað margs konar upplýsingum um þau. Í þessu verkefni fá nemendur tækifæri til að gera enn nákvæmara kort af atvinnulífinu.



Sagan af eyðieyjunni er notuð til þess að nemendur sjái að þarfir íbúanna á eyjunni eru í grundvallaratriðum þær sömu og þarfir fólks í nútímasamfélagi.

Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

### Markmið

Að nemendur hafi heildarskilning á atvinnulífinu og geti skipulagt hugsun sína um atvinnulífið með því m.a. að skilgreina einkenni starfa út frá grunnsurningum og mismunandi hliðum þeirra.

### Verkefnalýsing

Kennari byrjar á því að rifja upp með nemendum hver viðfangsefni bókarinnar hafa verið. Hugmynd að útfærslu: Nemendur geta unnið verkefnið í pörum eða litlum hópum og notað internetið til að finna starfsheiti, t.d. vefsíðuna [Næsta skref](#). Í lok fer kennari yfir störfin með hópnum og hóparnir skiptast á að segja sínar hugmyndir að störfum.

### Lausn

Hér eru hugmyndir að störfum innan hvers starfssviðs sem nefnd voru í verkefninu.

#### Fyrsta þörfin

| Starfssvið          | Störf          |
|---------------------|----------------|
| 1. Náttúruauðlindir | Rafveituvirki  |
| 2. Umhverfi         | Veðurfræðingur |
| 3. Landbúnaður      | Ylraektarbóndi |
| 4. Ná mavinna       | Jarðfræðingur  |
| 5. Skógrækt         | Skógfræðingur  |
| 6. Veiðar           | Hvalfangari    |

#### Önnur þörfin

| Starfssvið                      | Störf           |
|---------------------------------|-----------------|
| 1. Matvælaframleiðsla           | Gæðamatismaður  |
| a) Mjólkurvöruframleiðsla       | Mjólkurfæðingur |
| b) Fiskvinnsla                  | Fiskitæknir     |
| c) Kjötvinnsla                  | Dýralæknir      |
| 2. Húsbyggingar                 | Pípari          |
| 3. Hönnun húsa og bæjarskipulag | Arkitekt        |

|                                                           |                               |
|-----------------------------------------------------------|-------------------------------|
| 4. Iðnframleiðsla                                         | <i>Framleiðslustjóri</i>      |
| a) Breyting á málum                                       | <i>Logsuðumaður</i>           |
| b) Vélaframleiðsla                                        | <i>Rennismiður</i>            |
| c) Framleiðsla og viðgerðir á vélabúnaði                  | <i>Iðnvélavirki</i>           |
| d) Framleiðsla og viðgerðir á raf- og rafeindabúnaði      | <i>Rafeindavirki</i>          |
| e) Örtækni og sjálfvirk framleiðsla                       | <i>Rafeindatæknifræðingur</i> |
| f) Efnaiðnaður (plast, pappír, lyf, olíuvinnsla o.s.frv.) | <i>Efnatæknifræðingur</i>     |
| g) Húsgagnaframleiðsla                                    | <i>Húsgagnasmíður</i>         |
| h) Framleiðsla á vefnaðarvörum, leðri og fatnaði          | <i>Textílhönnuður</i>         |

## Þriðja þörfin

| Starfssvið                  | Störf                   |
|-----------------------------|-------------------------|
| 1. Stjórnvöld               | <i>Forsætisráðherra</i> |
| 2. Stjórnkerfi              | <i>Embættismaður</i>    |
| 3. Landvarnir og öryggismál | <i>Landhelgisgæsla</i>  |
| 4. Lög og regla             | <i>Lögregluþjónn</i>    |
| 5. Opinber þjónusta         | <i>Slökkviliðsmaður</i> |
| 6. Réttargæsla              | <i>Lögfræðingur</i>     |

## Fjórtða þörfin

| Starfssvið                                                    | Störf                 |
|---------------------------------------------------------------|-----------------------|
| 1. Hagfræði og fjármál                                        | <i>Hagfræðingur</i>   |
| 2. Fjármálaþjónusta (bankar, tryggingar, kauphallarviðskipti) | <i>Verðbréfasali</i>  |
| 3. Verslun, dreifing og sala                                  | <i>Sölufulltrúi</i>   |
| 4. Rekstur og bókhald                                         | <i>Endurskoðandi</i>  |
| 5. Félagsleg þjónusta                                         | <i>Félagsráðgjafi</i> |

## Fimmta þörfin

| Starfssvið                    | Störf                              |
|-------------------------------|------------------------------------|
| 1. Heilbrigði                 | <i>Iðjuþjálfari</i>                |
| 2. Snyrting                   | <i>Hárgreiðslumeistari</i>         |
| 3. Hollustu- og vinnuvernd    | <i>Sérfræðingur vinnueftirlits</i> |
| 4. Gisti- og veitingaþjónusta | <i>Kokkur</i>                      |
| 5. Frístundir og íþróttir     | <i>Íþróttarþjálfari</i>            |

## Sjötta þörfin

| Starfssvið                        | Störf                     |
|-----------------------------------|---------------------------|
| 1. Tónlist                        | <i>Söngvari</i>           |
| 2. Bókmenntir                     | <i>Útgefandi</i>          |
| 3. Myndlist                       | <i>Listmálari</i>         |
| 4. Hugvísindi                     | <i>Fornleifafræðingur</i> |
| 5. Menntun og kennsla             | <i>Kennari</i>            |
| 6. Fréttaflutningur og gagnaöflun | <i>Fréttapulur</i>        |

## Sjöunda þörfin

| Starfssvið                 | Störf                    |
|----------------------------|--------------------------|
| 1. Samgöngur og flutningar | <i>Vörubílstjóri</i>     |
| 2. Fjarskipti              | <i>Tæknisérfræðingur</i> |
| 3. Ferðaþjónusta           | <i>Leiðsögumaður</i>     |
| 4. Auglýsingar             | <i>Markaðsfræðingur</i>  |

## Niðurstaða

Nú hafa nemendur lokið fyrsta hluta vinnubókarinnar Margt er um að velja og í síðasta verkefni þessa kafla eiga nemendur að líta til baka á það sem þau hafa lært. Með því að velja það sem þeim finnst áhugaverðast þurfa þau að fara yfir allt efnið þessa hluta og meta hvað þeim fannst standa upp úr.

# MARGT ER UM AÐ VELJA



Ferðalagið framundan

Annar hluti – *Sundurgreining*

Berglind Helga Sigurpórsdóttir

Helga Helgadóttir

Berglind Melax

Guðbjörg T. Vilhjálmisdóttir



## 6. FERÐALAG

### Markmið

Markmiðið er að nemandi kynnist hugtakinu um gildi og átti sig á hvernig gildi geta haft áhrif á hegðun.

Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

### Verkefnalýsing

Nemendur vinna í litlum hópum. Í sameiningu finna þeir út þau gildi sem þeir telja að eigi við stuttar lýsingar á viðskiptavinum ferðaskrifstofu.

### Kveikja

Hugtakinu gildi er velt upp og merkingunni á bak við hin ýmsu gildi. Til að hnykkja enn betur á þessu efni getur kennari tekið dæmi.

### Dæmi um gildi

Hjálpssemi er dæmi um gildi þar sem viðkomandi leggur sig fram við að hjálpa öðrum. Hjálpsamir einstaklingar reyna eftir bestu getu að aðstoða ef þeir eru beðnir um það, en bjóða einnig fram aðstoða sína að fyrri bragði.

Dæmi: „Gengur þér illa að læra undir prófið? Þú mátt fá glósurmar mínar lánaðar“.

### Verkefnadæmi

„Ég vil fá eitthvað fyrir peningana mína. Áttu farmiða á niðursettu verði?  
Er einhver tími sem er hagstæðari að ferðast á en yfir háannatímamann?“

María Dögg: Sparsemi

### Lausn á verkefni

Ragnar: Öryggi

Valdís: Frelsi

María: Sparsemi

Maríus: Þekkingarþrá

Magnús: Ánægja

Sólveig: Ævintýraþrá

Einar: Fegurð

Jóhanna: Félagslyndi

### Heimaverkefni

Nemendur gera könnun á því heima fyrir hvers konar ferð fjölskyldumeðlimir eða vinir (2–3 einstaklingar) myndu helst kjósa að fara í og þá hvers vegna. Hægt er að styðjast við ýmsar ferðaauglýsingar. Nemendur skila vinnu sinni skriflega.



## 7. GILDI HVERS OG EINS



### Markmið

Markmiðið er að nemandi þekki þau gildi eða viðmið sem hann hefur í hávegum og átti sig á hve áhrifamikil þau eru í daglegu lífi hans.

Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

### Verkefnalýsing

Lestur á texta og hugtakið gildi rætt. Nemendur finna út það gildi sem þeir meta helst í fari fólks og skrá það hjá sér.

### Kveikja

Nemendur eru spurðir um góða eða skemmtilega kvikmynd sem þeir hafi séð nýlega. Viðmið er það sjónarmið sem við dæmum út frá. Gildismat okkar byggist á þessum viðmiðum. Í hvert skipti sem nemandi segir frá kvikmynd verður það tilefni til að skoða hver viðmiðin og gildin eru.

### Um gildi

Hvað eru gildi eða viðmið? Sérhver menning, sérhvert samfélag, sérhver einstaklingur hefur í heiðri ólík gildi, þó að mörg hver séu auðvitað algild. Það sem við teljum vera eftirsóknarvert í fari einhvers byggist t.d. á þeim gildum eða viðmiðum sem við teljum mikilvæg. Hvort sem gildin eru okkur ljós eða ekki, þá hafa þau mikil áhrif á hegðun okkar og ákvarðanir. Þegar við veljum okkur nám eða starf sem við viljum leggja stund á er nauðsynlegt að við áttum okkur á þeim ástæðum sem við leggjum til grundvallar. Ástæður okkar eru nátengdar þeim gildum sem við aðhyllumst og gildi geta verið fjölbreytt og mismunandi á milli einstaklinga. Þetta ætti að sýna nemendum fram á að hvert okkar skynjar veruleikann með ólíkum hætti. Einnig er gott að benda á að gildi geta þróast og breyst eftir því sem við eldumst og/eða upplifum nýja hluti.

### Verkefnadæmi

Mér finnst (nafn) Gunnhildur svo (gildi) skemmtileg af því að ...  
hún kemur manni alltaf til að brosa þegar maður er í vondu skapi.

### Heimaverkefni

Nemendur eru beðnir um að kanna sín persónulegu gildi og áhugasvið. Gefin eru dæmi í verkefnalýsingu, bæði um gildi og áhuga. Þessi dæmi geta hjálpað nemendum að kortleggja sín persónuleg gildi og áhugasvið. Gott er að útskýra að hér er áhugi ekki það sama og áhugamál, en áhugamál gefa vísbendingu um áhuga, t.d. ef nemandi stundar ljósmyndun eða myndlist í sínum frítíma þá bendir það til þess að áhugi hans felist í að vera skapandi og ef nemandi spilar mikið tölvuleiki eða borðspil þá gætu leikir verið hluti af hans áhugasviði. Persónuleg gildi geta tengst áhuga og það getur hjálpað nemendum að hugsa um hvar áhugi þeirra liggur til að komast að þeirra persónulegu gildum. Hér eiga nemendur að hugsa um gildi og áhuga í sínu daglega lífi, en í kafla 14 – *ÞAÐ SEM SKIPTIR MIG MÁLI*, er svo farið í gildi sem tengjast starfsvettvangi.



## 8. AÐ HELTAST ÚR LESTINNI

### Markmið

Markmiðið er að nemendur átti sig á möguleikum sínum til að ná settu marki á námsferlinum og þekki til þeirra orsaka sem verða til þess að fólk flosnar úr námi.

Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

### Verkefnalýsing

Nemendur lesa kaflann *Að flosna upp úr skóla* þar sem þeir fræðast um hátt hlutfall framhaldsskólanema sem hættir í skóla og hverjar orsakir og afleiðingar þess geta verið. Þegar allir hafa farið í gegnum kaflann, hver fyrir sig eða í sameiningu, stýrir kennari umræðum þar sem hann kemur meðal annars inn á hvað nemendur sjálfir geta gert til að minnka líkurnar á brotthvarfi.

Í kaflanum eru nefndir til sögunnar átta flokkar sem orsaka brotthvarf. Hér skiptir máli að umfjöllun t.d. um flokkana *Erfiðleikar í umhverfinu* og *Hamlandi vandamál* sé ekki á neikvæðum nótum heldur að litið sé á erfiðleika sem hindrun sem oft er hægt að yfirstíga ef viljinn er fyrir hendi.

### Kveikja

Mikill meirihluti hvers árgangs hefur nám í framhaldsskóla að grunnskóla loknum en hlutfall þeirra sem útskrifast á skilgreindum námstíma er nokkuð lægra á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Nemendur geta velt fyrir sér og rætt sín á milli um hvað brotthvarfsnemi tekur sér fyrir hendur þegar hann hættir í skóla og hverjar afleiðingarnar gætu orðið.

### TIL KENNARA

Brotthvarf nemenda úr framhaldsskóla er áhyggjuefni á Íslandi og brýnt er að vekja nemendur til umhugsunar um afleiðingar þess að hætta í námi, hvað sé til ráða og hvernig hægt sé að koma í veg fyrir brotthvarf á framhaldsskólastigi.

Stundum er brotthvarf lokaúrræði þegar ekkert annað er í stöðunni en þá er mikilvægt að nemandi setji sér markmið um að snúa aftur í nám seinna.

### Góð hugmynd

Það er góð hugmynd að skipta bekknum í hópa í umræðutímanum. Hóparnir ræða um brotthvarf, rita hjá sér niðurstöður og kynna þær fyrir samnemendum sínum, t.d. á glærum.

## 9. BROTTVARFSHÆTTA



### Markmið

Markmiðið er að nemendur meti hvort þeir séu í brotthvarfshættu og finni leiðir til að draga úr henni ef svo reynist vera. Nemendur átti sig á að markmiðasetning er góð forvörn gegn brotthvarfi.

Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

### Verkefnalýsing

Texti lesinn. Nemendur gera eigin vef sem táknar þá brotthvarfshættu sem þeir gætu mögulega verið í og bera saman við köngulóarvefina X og Z og skoða í samhengi við samanburðarmyndirnar í æfingunni. Nemendur meta hvort þeir séu að einhverju leyti í áhættuhópi eða ekki. Kennarinn verður að leggja áherslu á að æfingin sé aðeins leiðbeinandi en sýni þó að eftir því sem vefur einstaklings er stærri því meiri brotthvarfshætta.

Nemendur þurfa að skoða hug sinn heiðarlega um hvort eitthvað af þessum orsökum sem þarna eru nefndar geti átt við þá. Lagt er til að nemendur vinni þetta verkefni heima fyrir eða dreifi sér um kennslustofu eða skólaganga og leysi það í einrúmi. Hér eru þau að skrá niður persónulegar upplýsingar sem er aðeins ætlað þeim sjálfum en ekki bekkjarfélögum.

Í hlutanum, *Hver er sinnar gæfu smiður*, eru nemendur hvattir til að hugsa um hvað þau geta sjálf gert til þess að taka stjórn á sínum aðstæðum og umhverfi. Kennari les textann með nemendum og getur skapað umræðu um stjórnun umhverfis (U) og sjálfsstjórn (S).

Verkefni 2 geta nemendur leyst einir eða í pörum. Þar eiga þeir að lesa dæmin og meta hvort þar sé verið að lýsa (U) eða (S). Þegar kennari fer yfir svörin með nemendum er ígrundað saman af hverju tiltekið dæmi er (U) eða (S). Einnig er gott að benda nemendum á að tiltekin afstaða í dæmi er ekki endilega rétt ákvörðun eða viðhorf, einungis er verið að meta hver afstaðan í dæminu er. Í fyrsta dæminu segir Helga „Maður velur sér ekki vini, heldur velja vinirnir mann“, þótt hennar afstaða sé (U) þá má færa rök fyrir því að við getum sjálf haft áhrif á hverjir vinir okkar eru (S).

### Lausn

U, U, S, S, U, S, U.

### Heimaverkefni

Síðasta verkefnið geta nemendur gert heima. Þar eiga þeir að skoða köngulóavefinn sinn og velja 2–3 þætti sem voru yst í vefnum þeirra. Nemendur íhuga hvað þeir hafa lært um stjórnun umhverfis (U) og sjálfsstjórn (S) og merkja orsakir og mögulegar lausnir fyrir hvern þátt.

# MARGT ER UM AÐ VELJA



Aðdráttarafl starfanna

Þriðji hluti – Sérgreining


Berglind Helga Sigurpórsdóttir

Helga Helgadóttir

Berglind Melax

Guðbjörg T. Vilhjálmisdóttir

## 10. LEITAÐ – FUNDIÐ



### Markmið

Markmiðið er að benda nemendum á fjölbreytni vinnumarkaðarins og hjálpa þeim að átta sig á hvaða störfum þeir hafa áhuga á. Hér er gott að rifja upp Töfraformúluna, sem má finna í kafla 4. *HVAÐ ER STARF*, í fyrsta hluta vinnubókarinnar. Þessi æfing leggur einmitt áherslu á hvernig nemendur geta nýtt sér Töfraformúluna til að kanna betur heim atvinnulífsins með þessum þremur grundvallarspurningum um starf:

Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

- Hvert er starfið?
- Hvers krefst það?
- Hvað gefur það af sér?

### Verkefnalýsing

Nemendur eru beðnir að skoða starfalistann og hugsa um öll þau störf sem þeim koma til hugar. Að því loknu velja nemendur um það bil tíu störf sem þeir myndu vilja kanna nánar og skrá á þar til gerðar línur. Ef nemandi hefur áhuga á starfi sem ekki er á listanum er sjálfsgagt að hann skrái það samt sem áður.

### Verkefnadæmi

Snyrtifræðingur, smiður, vélstjóri, forseti, ráðherra,  
félagsráðgjafi, tannlæknir, nuddari, sundkennari,  
sjúkraliði.

### Heimaverkefni

Nemendur afla sér frekari upplýsinga um fimm af þeim störfum sem þeir völdu, t.d. í gegnum vefsíðuna [næstaskref.is](https://naestaskref.is). Gott er að hafa Töfraformúluna í huga þegar leitað er af upplýsingum um störf.



Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

## 11. KYNBUNDINN VINNUMARKAÐUR

### Markmið

Markmiðið er að nemendur átti sig á meðvituðum og ómeðvituðum staðalmyndum sem þeir hafa af þeim störfum sem teljast til hefðbundinna kvenna- og karlastarfa og setji spurningarmerki við þá mynd sem þeir hafa af þeim.

### Verkefnalýsing

Nemendur lesa stutta frásögn af fólki í atvinnulífinu. Frásögnin er óvenjuleg að því leyti að konum er stillt upp í *hefðbundin karlastörf* og körlum í *hefðbundin kvennastörf*. Nemendur eru spurðir hvort eitthvað í frásögninni komi á óvart og þá hvers vegna. Hvað með ef þessi frásögn hefði átt að gerast fyrir 50 árum? Hér er hægt að skapa umræður um hvernig kynbundinn vinnumarkaður hefur breyst síðustu áratugi.

Því næst vinna nemendur, einir eða í hópum, og flokka ólík störf eftir sínum hugmyndum um störf. Nemendur bera svo sína flokkun saman við hina í hópnum eða bekknum. Tilgangurinn með verkefninu er að nemendur átti sig á því að flokkun á störfum á ekki alltaf við.

### Um kynbundið náms- og starfsval

Íslenskur vinnumarkaður er enn nokkuð kynjaskiptur. En það er ekki þar með sagt að karlar hafi ekki færni eða hæfileikana í að vinna kvennastörf eða að konur séu ekki færar um að vinna karlastörf. Það eru frekar samfélagslegar og hugarfarslegar hindranir sem koma í veg fyrir það að konur og karlar velji sér nám eða störf sem eru ekki hefðbundin fyrir þeirra kyn. Kynjaskiptur vinnumarkaður getur stuðlað að minni fjölbreytileika í vinnu og viðhorf samfélagsins til kynhlutverka minnka frelsi einstaklingsins til að kjósa sér vinnu eftir áhugasviði og hæfni. Einstaklingar eiga þá á hættu að missa af tækifæri til þess að vinna vinnu við sitt hæfi og áhuga, ef sú vinna er ekki í samræmi við hugmyndir samfélagsins um kyn þeirra.

Mikilvægt er að draga úr hólfaskiptingu á íslenskum vinnumarkaði eftir kyni og vinna með markvissum hætti gegn kynbundnu námsvali í skólum, því ekki er hægt að leysa upp kynbundinn vinnumarkað án þess að auka dreifingu í námsvali kynjanna.

## Verkefnadæmi

Nemendur flokka störfin eftir því sem þeim finnst eiga best við. Að lokum er farið yfir hvernig nemendur flokkuðu störfin og sköpuð umræða í kringum það. Eru nemendur að flokka ákveðið starf sem „vísindalegt starf“ frekar en „karlastarf“ – eða öfugt? Eru nemendur almennt sammála í flokkun sinni eða er flokkunin mjög ólík á milli einstaklinga? Getur eitt starf átt heima í fleiri en einum flokki?

|              | Karlastarf | Kvennastarf | Lístrænt | Skrifstofu-<br>starf | Umönnun | Verklegt | Vísindalegt | Þjónusta |
|--------------|------------|-------------|----------|----------------------|---------|----------|-------------|----------|
| Bífvélavirki |            |             |          |                      |         | x        |             |          |
| Hársnyrtir   |            |             | x        |                      |         |          |             |          |
| Pípari       | x          |             |          |                      |         |          |             |          |

## Góð hugmynd

Góð hugmynd er að segja nemendum sögu af því þegar Vigdís Finnbogadóttir var forseti Íslands (1980–1996). Á þeim tíma var hópur leikskólabarna spurður hvað þau ætluðu að verða þegar þau yrðu stór. Einn drengur innan hópsins svaraði: „Forseti Íslands,“ þá greip ein stúlka inn í umræðurnar og sagði: „Abbabbabb, strákar verða ekki forsetar.“

## 12. KYNBUNDIN STARFSHUGSUN



### Markmið

Markmiðið er að nemendur losni við þær staðalmyndir sem þeir hafa af hefðbundnum karla- eða kvennastörfum.

Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

### Verkefnalýsing

Nemendur velja sér starf sem telst almennt vera karla- eða kvennastarf. Þeir eru hvattir til að kynna sér starfið nánar. Ýmsum spurningum um starfið er velt upp sem nemendum er ætlað að svara. Mælt er til að þeir vinni verkefnið í samvinnu við kennara, foreldra og/eða forráðamenn og afli sér frekari upplýsinga á internetinu eða setji sig í samband við einhvern sem vinnur við þetta tiltekna starf.

### Kveikja

Á vefsíðu Hagstofu Íslands, [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) er hægt að nálgast ýmsar tölulegar upplýsingar, eins og:

- Fjölda starfandi eftir atvinnugreinum, kyni og landsvæðum.
- Fjölda vinnustunda á viku í aðal- og aukastarfi eftir kyni.
- Fjölda starfandi eftir kyni, aldri og landsvæðum.

Dæmi um þetta er fjöldi starfandi fólks í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð árið 2021. Þar störfuðu tæp 14 þúsund karlmenn og rúmlega 1 þúsund konur.

### Góð hugmynd

Kennari getur fundið frásagnir karla og kvenna í störfum sem teljast óhefðbundin fyrir þeirra kyn. Hægt er að slá inn í leitarvél „karlar í kvennastörfum“ eða „konur í karlastörfum“ og finna þar reynslusögur og áhugaverðar frásagnir. Hér gætu nemendur uppgötvað fyrirmyndir sem hvetur þau til að skoða störf þar sem þeirra kyn er í minnihluta.





## 13. AÐ VERA FRUMLEGUR

### Markmið

Markmiðið er að hjálpa nemendum að gera frumlega athugun á umhverfinu og að virkja þann kraft sem felst í frumlegri hugsun.

Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

### Verkefnalýsing

Nemendur ljúka við teikningu á verkefnablaði. Að því loknu eru þeir beðnir að segja frá þeim fyrirmyndum sem þeir höfðu í huga við verkið. Það má gera ráð fyrir að flestir nemendur teikni andlit. Sú útkoma verður tilefni til hugleiðinga um mátt vanans og hve rík tilhneiging okkar er til að bregðast á svipaðan hátt við verkefnum.

Nemendur eru spurðir hvernig standi á því að svo margir þeirra hafi gert svipaða teikningu, þrátt fyrir að kaflinn heiti *Að vera frumlegur*. Að loknum lestri á texta og hópumræðum tengt textanum er nemendum gefið færi á ljúka myndinni öðru sinni.



### Kveikja

Engin sérstök kveikja er að verkefninu en mikilvægt er að skilningur nemenda á orðinu „frumleiki“ sé dreginn fram í dagsljósið eftir að nemendur hafa farið í gegnum verkefnið.

### Um það að vera frumlegur

Þungamiðja þessa verkefnis er einföld æfing en í krafti hennar átta nemendur sig á „viðjum vanans“ og áhrifum klisjuhugsunar. Með æfingunni er verið að hvetja nemendur til að átta sig á mikilvægi þess að beita sjálfum sér til þess að hafa áhrif á eigin veruleika. Mikilvægt er að leggja áherslu á að það sé ekki nóg að við áttum okkur á því að það sé mikilvægt að vera frumlegur, heldur verðum við einnig að geta hegðað okkur samkvæmt því. Kennarinn bendir nemendum á það hve frumleg hugsun getur verið nauðsynleg í náms- og starfsvali.

### Verkefnadæmi



### Góð hugmynd

Góð hugmynd er að hengja allar myndirnar upp á töflu og bera þær saman, fyrir og eftir hópumræður. Þá væri gott að vera búinn að ræða um frumleika, í hverju hann felst og ávinninginn af því að vera frumlegur.

### Heimaverkefni

Nemendur eru fengnir til þess að útbúa ímyndaða atvinnuauglýsingu þar sem frumleiki er í fyrirrúmi. Æskilegt er að starfið sem auglýst er sé alveg nýtt af nálinni og hafi ekki verið auglýst áður. Það má gjarnan vera draumastarfið.

## 14. ÞAÐ SEM SKIPTIR MIG MÁLI



### Markmið

Markmiðið er að nemandi þekki þau gildi eða viðmið sem hann aðhyllist og átti sig á hve áhrifamikil þau eru í daglegu lífi hans.

Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

### Verkefnalýsing

Nemendur byrja á að rifja upp persónuleg gildi sem þau unnu að í kafla 6. *FERÐALAG* og kafla 7. *GILDI HVERS OG EINS*. Næst er skoðuð tafla með viðmiðum sem ýmist skipta nemendum máli eða ekki. Spurningunni: Hversu miklu máli skiptir það? er svarað við hvert og eitt gildi. Að því loknu eru fjögur gildi úr töflunni valin og útskýrt hvers vegna þessi tilteknu gildi skipti svo miklu máli.

### Kveikja

Hvaða eiginleikar gætu skipt máli fyrir störf lækna? En skólustjóra? En garðyrkjubændur?

### Um það sem skiptir máli

Kennari biður nemendur að nefna gildi sem þeir aðhyllast og lýsa því hvernig það hefur áhrif á hegðun þeirra og ákvarðanir. Það skiptir máli að nemendur geti rökstutt svör sín fyrir kennaranum.

### Verkefnadæmi

Skráðu hjá þér hversu mikilvægt þú telur hvert þessara gilda vera.

| Skiptir það mig máli?                                       | Skiptir ekki máli | Skiptir litlu máli | Skiptir allnokkru máli | Skiptir miklu máli | Skiptir mjög miklu máli |
|-------------------------------------------------------------|-------------------|--------------------|------------------------|--------------------|-------------------------|
| 1. Að hjálpa.<br>Ég kys starf þar sem ég get aðstoðað aðra. |                   |                    |                        | x                  |                         |

### Góð hugmynd

Góð hugmynd er að láta nemendur leita eftir atvinnuauglýsingum og velja auglýsingar sem kalla á þau gildi sem þeim finnst mikilvægust.

## Heimaverkefni

Nemendur velja sér tvær til þrjár atvinnuauglýsingar úr dagblöðum eða á internetinu og afla sér frekari upplýsinga um starfið, til dæmis með því að slá starfsheitið í leitarvél. Mörg starfsheiti má finna á vefsíðu [Nætaskref](#).

Nemendum er einnig frjálst að búa til ímyndaða starfsauglýsingu. Spurningar sem vert er að hafa til hliðsjónar eru:

- Hvernig er starfinu best lýst?
- Í hverju er starfið fólgið?
- Hver er tilgangur með starfinu?
- Hvaða ábyrgð fylgir þessu starfi?
- Fylgja starfinu góð laun?
- Hvaða menntun þarf til starfsins?
- Þarf sérstaka starfsþjálfun?
- Útvinna eða innvinna?
- Líkamleg vinna?
- Hættuleg vinna?

# MARGT ER UM AÐ VELJA



Markmið og starfsval

Fjórði hluti – *Framkvæmd*

Berglind Helga Sigurpórsdóttir

Helga Helgadóttir

Berglind Melax

Guðbjörg T. Vilhjálmisdóttir

# 15. ÁHUGAVERÐ STÖRF



## Undanfari að verkefni

Kaflí 14. ÞAÐ SEM SKIPTIR MIG MÁLI.

Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

## Markmið

Markmiðið með þessu verkefni er að nemendur meti störf með hliðsjón af afstöðu sinni til starfsgilda og átti sig betur á hvert hugurinn hneigist hvað varðar starfsval.

## Verkefnalýsing

Nemendur skrá í töflu þau gildi og störf sem þeir setja í öndvegi og finna þannig út þau þrjú störf sem ættu að höfða einna mest til þeirra (**sjá verkefnadæmi**). Til að velja störf geta þau t.d. farið aftur í kafla 10. LEITAÐ – FUNDIÐ og valið úr störfunum sem þau skráðu þar.

## Kveikja

Kennari nefnir tvö störf í einu og nemendur eru spurðir hvort starfið þeir myndu velja ef þeir þyrftu ekki að stunda námið sem er undanfari þess. T.d. hjúkrunarfræðingur eða kennari, lögfræðingur eða bókhaldari, pípari eða lögregluþjónn o.s.frv. Með því að velja annað starfið af tveimur standa nemendur frammi fyrir því að sum störf þykja þeim eftirsóknarverð en önnur eru þess eðlis að þeir gætu ekki hugsað sér að leggja stund á þau. Þeir leggja því þarna til grundvallar **gildi** sín. Nemendur eru næst spurðir hvort þeir séu reiðubúnir að reyna enn frekar á þau gildi sem þeir leggja til viðmiðunar er þeir meta störf og hvort þeim hugnist þau eða ekki.

## Verkefnadæmi

Svona ætti taflan að líta út eftir útreikningana. Hverju þrepi í útreikningum er nákvæmlega lýst undir töflunni í nemendaheftinu.


|                   | Margfeldi | Nuddari |    | Tannlæknir |    | Smiður |    | Kennari |    | Dýralæknir |    |
|-------------------|-----------|---------|----|------------|----|--------|----|---------|----|------------|----|
| Grundvallargildi: |           | X       | Y  | X          | Y  | X      | Y  | X       | Y  | X          | Y  |
| A. Virðing        | x8        | 3       | 24 | 3          | 24 | 4      | 32 | 4       | 32 | 4          | 32 |
| B. Fjölbreytni    | x6        | 2       | 12 | 4          | 24 | 3      | 18 | 3       | 18 | 3          | 18 |
| C. Laun           | x4        | 3       | 12 | 1          | 4  | 3      | 12 | 3       | 12 | 4          | 16 |
| D. Starfsöryggi   | x2        | 2       | 4  | 1          | 4  | 3      | 6  | 2       | 4  | 3          | 6  |
| Samtals í Y reit  |           |         | 52 |            | 56 |        | 68 |         | 66 |            | 72 |

2  
Smiður

1  
Dýralæknir

3  
Kennari

## 16. ENDURMAT



Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

### Markmið

Markmiðið er að nemendur fái tækifæri til að ræða um og endurskoða þau störf og gildi sem þeir hafa lagt til grundvallar í kaflanum fram að þessu.

### Verkefnalýsing

Hver nemandi fær tækifæri til að tjá sig um sínar niðurstöður úr tilraunum kaflans. Er nemandi enn ánægður með niðurstöður fyrstu tilraunarinnar eða langar hann til að endurskoða þau viðmið og gildi sem hann lagði þar til grundvallar? Kennari getur ýmist stýrt umræðum hjá bekknum í heild eða skipt honum í hópa. Sé nemandi ánægður með fyrri niðurstöður getur hann t.d. hafist handa við að kanna viðkomandi störf betur. Sé hann hins vegar ekki ánægður hefur hann tækifæri til að gera æfinguna aftur út frá breyttum forsendum.

### Kveikja

Kennari spyr nemendur hvort umfjöllunin um eigin gildi (kafla 7. *GILDI HVERS OG EINS* og kafla 14. *ÞAÐ SEM SKIPTIR MIG MÁLI*) hafi á einhvern hátt haft áhrif á hugsun þeirra um störf og þá hvernig. Eftir umræður spyr hann hvort nemendur vilji endurskoða þau störf og gildi sem þeir hafi lagt til grundvallar fram að þessu og gefur þeim færi á að gera tilraunina *Áhugaverð störf* aftur.

### Góð hugmynd

Góð hugmynd getur verið að gefa nemendum kost á að kanna betur þau störf sem þeir sýndu mestan áhuga á, t.d. með vinnustaðaheimsókn eða viðtali. Þá væri hægt að láta nemendur hugstorma um það sem þeir vita um starfið áður en þeir hefjast handa og bera það svo saman við þá vitneskju sem þeir hafa öðlast eftir starfskynninguna.

### Heimaverkefni

Nemendur undirbúa 5–10 mínútna kynningu á starfi sem þeir könnuðu.

## 17. UNDIRBÚNINGUR UNDIR STARFSFERIL



Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

### Markmið

Markmið kaflans er að nemendur átti sig á að með því að taka þátt í þeirri starfsemi sem skólinn býður upp á er hægt að tileinka sér margs konar færni sem kemur að góðum notum í framtíðinni. Einnig er markmiðið að nemendur læri að finna hvaða forkröfur eða undirbúning þarf fyrir framtíðarstarfið.

### Verkefnalýsing

Lesinn er textinn í upphafi kaflans. Byrjað er á að rifja upp Töfraformúluna úr 4. kafla og farið yfir spurningu hennar *Hvers krefst starfið?* og einnig undirflokkar hennar *persónulegir eiginleikar* og *undirbúningur*. Gott er að fara yfir spurningarnar sem eru í töflunni, því nemendur munu styðjast við þær í verkefni kaflans.

Því næst er lesinn texti um hvaða reynslu og undirbúning er hægt að afla sér í grunnskólanum. Fjallað er um bein og óbein tengsl námsgreina við störf og þá sérstaklega horft á alla þá hæfni sem ekki lærist í námsbókum. Farið er vel yfir atriðin sem listuð eru upp í kaflanum og tilvalið tækifæri til að mynda hópumræður um málefnið. Er eitthvað fleira sem nemendum dettur í hug?

Í verkefni kaflans eiga nemendur að velja eitt starf sem þeir fengu annaðhvort í kafla 15. *ÁHUGAVERÐ STÖRF* eða 16. *ENDURMAT* og svara spurningum um undirbúning og eiginleika. Gefið er dæmi um hvernig mætti svara spurningunum og einnig eru gefnar leiðbeiningar um hvað felist í hverri spurningu. Þegar leitað er upplýsinga er gott er að styðjast við spurningarnar í töflunni (*persónulegir eiginleikar* og *undirbúningur*) sem kom fram fyrr í kaflanum.

### Kveikja

Störf eru fjölbreytt og það er mjög mismunandi hvaða undirbúning þarf fyrir hvert þeirra. Mikilvægt er að geta greint á milli ólíkra einkenna starfa og þar af leiðandi líka hvers konar undirbúnings þau krefjast. Það að afla upplýsinga um undirbúning fyrir mismunandi störf hjálpar okkur að meta annars vegar hvort við höfum áhuga og hins vegar hvort við séum tilbúin að leggja á okkur það sem þarf til að fá tiltekið starf.

### Góð hugmynd

Gott er að láta nemendur merkja við þá þætti sem þeir telja sig hafa lært í gegnum skólagöngu sína. Þau mega einnig gjarnan skrá niður fleiri atriði sem þeim dettur í hug, t.d. einbeitingu, munnleg og skrifleg tjáning, að greina aðalatriði frá aukaatriðum, að vera skapandi, að skilja orsakasamhengi o.s.frv.

## 18. AÐ SETJA SÉR MARKMIÐ



### Markmið

Markmiðið er að nemendur setji sér markmið um fyrirætlanir sínar og átti sig á að slík markmiðssetning geti aukið líkurnar á að árangur náist.

Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

### Verkefnalýsing

- A) Nemendur velja sér persónuleg markmið, stór eða smá, til að vinna að á næstunni. Þeir geta búið til sín eigin markmið eða notað þættina sem voru yst í köngulóavefnum þeirra í kafla 9. *BROTTHVARFSHÆTTA*.

Dæmi um markmið:

- Búa um rúmið sitt á morgnanna
- Drekkja 2 lítra af vatni á dag
- Sækja um sumarvinnu
- Skoða X marga framhaldsskóla

Fyrir þau markmið sem eiga ekki endilega endapunkt eins og t.d. „að búa um rúmið sitt“ að þá er gott að gefa sér 2-3 vikur sem þú ætlar að sinna markmiðinu. Eftir þann tíma ætti hegðunin að vera komin í góðan vana og líklegt að þú munir halda þessu áfram.

Mikilvægt er að nemendur velji sér markmið sem eru framkvæmanleg og ekki of flókin. Markmiðin þurfa einnig að fela í sér einhverja breytingu á hegðun, t.d. ef nemandi býr um rúmið sitt á hverjum morgni þá er telst það ekki markmið að halda áfram að búa um rúmið á hverjum morgni.

- B) Nemendur velja sér eitt langtímamarkmið sem þeim langar að stefna að í framtíðinni. Ef nemendur eiga erfitt með að velja sér markmið er ráðlegt að skoða fyrri kafla eins og t.d. starfstengd gildi í kafla 14. *ÞAÐ SEM SKIPTIR MIG MÁLI* og velja þar eitt af gildunum sem skipti þá miklu máli.

Dæmi: Nemandi skráir „stjórnun“ sem eitt af grundvallargildum sínum. Framtíðarmarkmiðið hans gæti þá verið að verða yfirmaður í stóru fyrirtæki. Styrkleikar hans sem stuðla að því að markmiðið náist er að hann hefur góða samskiptahæfni, en hann þyrfti að bæta skipulagshæfni sína til að auka líkur á að ná markmiði sínu.

### Kveikja

Kennari spyr nemendur hversu margir séu búnir að ákveða hvað taki við að loknum grunnskóla. Hann spyr jafnframt hvort þessar ákvarðanir hafi breyst mikið í gegnum tíðina. Því næst ítrekar hann mikilvægi þess að hafa markmið að stefna að til að auka líkurnar á að árangur náist. Nemendur eru minntir á að mestu máli skiptir að vera sjálfstæður í skoðunum og leita sjálfir þeirra upplýsinga sem þá langar til að afla.



## 19. AÐ TAKA ÁKVÖRÐUN



### Markmið

Að nemendur átti sig á muninum á að taka sjálfstæðar og ósjálfstæðar ákvarðanir og geri sér grein fyrir hvernig þeir fari að við að taka ákvarðanir.

Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

### Verkefnalýsing

Nemendur lesa stuttar lýsingar á „ákvörðunarstílum“ og merkja við hvort um sjálfstæða eða ósjálfstæða ákvörðun er að ræða.

### Kveikja

Kennari spyr nemendur hvenær þeir tóku ákvörðun síðast og hvernig þeir hafi staðið að þeirri ákvörðun. Hægt er að velja því upp hvort eðli ákvörðunar skipti máli um hvernig hún er tekin.

### Um ákvarðanatöku

Það getur verið mikilvægt að opna augu nemenda fyrir því hve ákvarðanataka getur verið kjörið tækifæri til að nota eigið vald yfir lífi sínu. Með því að skírskota til þeirra eigin reynslu af ákvarðanatöku öðlast nemendur vitneskju um sjálfstæðar og ósjálfstæðar leiðir til að taka ákvarðanir. Þannig eru þeir um leið hvattir til að taka sjálfir ábyrgð á eigin ákvörðunum. Það er mjög brýnt að nemendur spyrji sig eftirfarandi spurninga: Læt ég tilviljanir ráða? Hvert er vægi umhverfisins í vali mínu?

Þessar spurningar gætu jafnvel leitt til þess að nemendur færu að velja fyrir sér á hvern hátt þeir muni standa að náms- og starfsvali í framtíðinni. Undanfari þess að gera áætlun um framhaldsnám og störf er að afla upplýsinga um eigin stöðu og umhverfi. Átta sig á eigin námsferli fram að þessu og athuga vel hver hugðarefnin eru.

### Lausnir

Nemendur gera æfingu þar sem þeir merkja hvort þeir telja staðið sé að ákvörðuninni með ósjálfstæðum eða sjálfstæðum hætti.

#### Ósjálfstætt

Að láta forlögin ráða  
Að bíða  
Að gera eins og aðrir vilja  
Að láta kylfu ráða kasti

#### Sjálfstætt

Að vega og meta  
Fastheldni  
Innsæi  
Marksækni

### Heimaverkefni

Nemendur skrá hjá sér nokkrar ákvarðanir sem þeir hafa tekið um ævina og færa fyrir því rök hvort þeir hafi verið ánægðir eða óánægðir með þessar ákvarðanir.

Ef nemendur eiga í erfiðleikum með að velja ákvarðanir sem þeir hafa tekið áður, þá geta þeir í staðinn skráð niður ákvörðunartöku sem þeir standa frammi fyrir núna eða í náninni framtíð. Þá skráð þeir niður hvaða stíll (S eða Ó) þeir haldi að muni hafa áhrif á þá ákvörðunartöku. Þetta gæti verið val á framhaldsskóla eða sumarvinnu.



## 20. MARGT ER UM AÐ VELJA

### Markmið

Við lok námsefnisins Margt er um að velja ættu nemendur að hafa fræðst um ólík störf, öðlast aukna þekkingu á sjálfum sér og vonandi komnir með verkfæri sem hjálpar þeim að taka ákvarðanir um nám og störf í framtíðinni.

Kennslumyndband  
má finna [hér](#)

### Verkefnalýsing

Nemendur búa til lokaverkefni og geta nýtt sér ýmsa fjölbreytta miðla til að skila því inn til kennara.

**Störfin:** Nemendur velja sér tvö störf til að lýsa nánar. Gott er að líta til baka í efnið og skoða störf sem þeim fannst áhugaverð, en þau mega þó velja hvaða starf sem er.

- *Starfslýsingin:* Nemendur nota internetið en mega einnig afla munnlegra heimilda ef þau þekkja einhvern sem sinnir tilteknu starfi.
- *Nám og/eða reynsla:* Gerir starfið kröfu um námsgráðu og hvað er námið langt? Ef til vill er ekki krafist formlegs náms eða gráðu, en þá er mögulegt að reynslu þurfi að afla á vettvangi, t.d. atvinnumaður í fótbolta þarf ekki námsgráðu en verður að hafa ákveðna reynslu.
- *Kostir:* Nemendur nefna af hverju þau völdu þetta starf og/eða hvað þeim fannst áhugavert út frá starfslýsingunni. Það gæti verið að starfið sé fjölbreytt, vinnutími sveigjanlegur, samskipti við fólk, að vinna utandyra o.s.frv. Gott að nefa 2–3 atriði.
- *Ókostir:* Hér eru fyrstu skref tekin í gagnrýnni hugsun. Nemendur finna eitthvað sem þeim finnst óáhugavert eða óspennandi við starfið. Það getur t.d. verið að námið sé of langt, einhæft starf, óhentugir vinnutímar, líkamlegt eða andlegt álag o.s.frv. Má nefna eitt eða fleiri atriði.

**Gildi og áhugi:** Hér fer fram ákveðin sjálfskoðun og nemendur því hvattir til að hugsa vel um þessi atriði. Gildi eru viðmið eða leiðarvísir varðandi hvernig við hugsum og hegðum okkur. Þau eru grunnur að skoðanakerfi okkar og hvaða afstöðu við tökum bæði varðandi okkur sjálf og til annara. Gildi hjálpa okkur að meta hvaða stefnu við viljum taka í lífinu.

Dæmi um gildi og áhuga er að finna í kafla 7. *GILDI HVERS OG EINS* í nemendaheftinu.

**Mikilvægt atriði sem þú hefur lært?:** Hér hafa nemendur nokkuð frjálsar hendur, en gaman er að heyra hvað þeim fannst standa upp úr efninu, t.d. eitthvað nýtt sem þau lærðu, eitthvað sem fannst sérstaklega áhugavert eða kom á óvart, eða er eitthvað sem þau sjá fram á að geta nýtt sér í framtíðinni?

### Góð hugmynd

Rifja upp kafla 13. *AÐ VERA FRUMLEGUR* og hvetja nemendur til að nota ímyndunaraflið við vinnslu verkefnisins.

# LOKAORÐ

Hér eru nemendur hvattir til að taka það sem þau hafa lært hér með sér í veganesti á náms- og starfsferli sínum. Fjallað er um að atvinnumarkaðurinn í dag sé bæði fjölbreyttur og margbreytilegur og ráðlegt að benda nemendum á að þau eiga líklega eftir að sinna nokkrum mismunandi (og mögulega ólíkum) störfum yfir ævina. Hér má einnig rifja upp umfjöllunina af gríska guðinum Proteus og „protean career“ sem má finna á forsiðu vinnubókarinnar.

Að lokum er gott að minna nemendur á að þau hafa ávallt aðgang að þjónustu náms- og starfsráðgjafa hvar sem þau eru stödd á sinni vegferð.